

Jónar Transport hf
Kjalarvogi 7-15
104 REYKJAVÍK



Reykjavík, 30.11.2011

Tilvísun okkar: UST20110900005

Breytt fyrirkomulag við tollafgreiðslu raf- og rafeindatækja frá 1. janúar 2012.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á breytingu á lögum nr. 55/2003 sem Alþingi samþykkti s.l. vor.

Frá og með næstu áramótum er tollafgreiðsla raf- og rafeindatækja háð því að innflytjandi sé aðili að skilakerfi.


Jafnframt er öllum framleiðendum og innflytjendum raf- og rafeindatækja skylt að vera skráðir í skráningarkerfi innflytjenda og framleiðenda hjá Umhverfisstofnun.


Framleiðendur og innflytjendur skulu við innflutning á raf- og rafeindatækjum tilgreina leyfisnúmer sitt í reit nr. 14 í tollskýrslu, frá og með 1.1.2012. Umhverfisstofnun úthlutar leyfisnúmerum í kjölfar skráningar í skráningarkerfið.

Innflytjendur og framleiðendur geta falið því skilakerfi sem þeir eru aðilar að, að sjá um skráninguna í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda, en það hefur í för með sér lægri kostnað en ef aðilar skrá sig beint sjálfir. Í því tilviki skal skilakerfið sjá um að skila einnig inn aðildarsamningi framleiðanda og innflytjandi til Umhverfisstofnunar.

Gjald fyrir skráninguna er 6.000- kr og árgjald er 3.000- kr, en sjái skilakerfi um skráninguna lækkar skráningargjaldið í 2.000- kr og árgjaldið í 1.000- kr.

Umhverfisstofnun vill jafnframt hvetja aðila til að kynna sér VII. kafla laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sem fjallar um raf- og rafeindatækjaúrgang. Nánari upplýsingar veita undirrituð. Nánari upplýsingar um skilakerfin má sjá á rrskil.is og samskil.is


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri


Valur Klemensson
sérfræðingur